Alþingi
Erindi nr. Þ 136/398
komudagur 11.12.2008

LANDSNET

Málanr. 11.11
08. desember 2008

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: **Athugasemdir Landsnets hf. við Þskj. 34 "Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts.**

Með bréfi þessu vekur Landsnet hf. athygli á að tvær af háspennulínum fyrirtækisins þvera Skjálfandafljót í dag (Kröflulína 1 og Laxárlína 1). Einnig bendir fyrirtækið á að vegna endurnýjunar og styrkingar á flutningskerfi rafmagns á landinu, er fyrirsjáanlegt að í framtíðinni munu önnur flutningsmannvirki þurfa að þvera fljótið.

Um Landsnet hf.:

Landsnets hf. tók til starfa í ársbyrjun 2005 en er stofnað á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003. Samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna er hlutverk fyrirtækisins að annast flutning raforku, kerfisstjórnun og innleiða markaðsumhverfi. Fyrirtækið og á og rekur allar háspennulínur með spennu ≥ 66 kV. Flutningskerfið flytur rafmagn frá framleiðendum raforku til almenningsveitna (t.d. RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur) og stórnotanda (t.d. álvera).

Virðingarfyllst,

Hildur B. Hrólfsdóttir
Gæða- og umhverfisstjóri
Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík.
hildur@landsnet.is